

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags háskólamenntaðra sérfræðinga

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félags háskólamenntaðra sérfræðinga (FHS) fimmtudaginn 22. október 2020 kl. 11.00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

Mætt voru:

Fyrir hönd félaganna: Bragi Skúlason, Hjalti Einarsson, Júlíana Guðmundsdóttir og Georg Brynjarsson.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Bókun 1 um 0,1% iðgjald af heildarlaunum

Í kjarasamningi aðila frá árinu 2014 er svohljóðandi bókun:

„Frá og með gildistöku samkomulags þessa verði iðgjald sem nemur 0,1% af heildarlaunum félagsmanna lagt á sérstakan reikning þar til aðilar hafa komið sér saman um framtíðarráðstöfun þess.“

Ofangreind bókun er einnig í kjarasamningi frá 1. júlí 2020.

Í kjarasamningi aðila frá árinu 2015 segir í grein 13.9.1 um Starfsþróunarsetur háskólamanna:

„Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag til Starfsþróunarseturs háskólamanna er nemur 0,7% af heildarlaunum starfsmanna. Með kjarasamningi aðila, undirrituðum 21. mars 2016, urðu aðilar sammála um að viðbótar 0,1% framlag til starfsmenntunar, sem samþykkt var í forsendunefnd aðila í febrúar 2013, yrði hluti af iðgjaldi launagreiðenda til Starfsþróunarseturs háskólamanna.“

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað. Fulltrúar sambandsins vilja fá að skoða málið betur.

2. Sameiginleg úrlausnarefni starfsmats

Samþykkt að skipa vinnuhóp með tveimur aðilum frá hvorum aðila fyrir sig til að koma málum í farveg.

Fyrir hönd sambandsins munu Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir vera í vinnuhóp.

3. Staða héraðskjalavarða

Inga Rún Ólafsdóttir skoðar hvernig málum er fyrirkomið hjá sveitarfélögum varðandi héraðsskjalaverði í tengslum við breytingar á lögum um opinber skjalasöfn.

4. Önnur mál:

Umræða um bókun 8 og 10 í kjarasamningi 2020.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.